

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 5. apríl 1948, um fiskmat og meðferð, verkun og útflutning á fiski til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 25. október 1966.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

AUGLÝSING

um umferð í Garðahreppi í Gullbringusýslu.

Eftir tillögum hreppsnefndar Garðahrepps í Gullbringusýslu og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 hefur verið ákveðið, að framúrakstur ökutækja skuli vera bannaður á Hafnarfjarðarvegi á svæðinu milli Silfurtúns og Hraunsholtshæðar.

Verður vegurinn á þessu svæði merktur í samræmi við ákvæði þessarar auglýsingar.

Þetta tilkynnist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 26. október 1966.

Einar Ingimundarson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Stökkseyrar nr. 253 31. desember 1965.

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Hreppsnefnd annast lagningu heimæða frá aðalveitunni að vatnsinntökum íbúðarhúsa, greiðir allan kostnað við þær og annast viðhald þeirra.

Hverjum húseiganda ber að greiða kostnað við tengingu heimæðar við vatnslögn sína, og einnig fyrir vatnslagnir að útihúsum. Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalveitu eða heimæðum vatnsveitunnar.

Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim eða útbúnaði er ábótavant.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveitukerfið án leyfis. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

2. gr.

12. gr. orðist svo:

Heimilt er að krefja hvern þann aðila sem fær heimæð lagða frá aðalveitu um allt að 2500.00 í stofngjald.

Fyrir heimæðar sem eru lengri en 25 metrar er heimilt að hækka stofngjaldið um allt að kr. 50.00 fyrir hvern lengdarmetra heimæðar, sem umfram er.

Stofngjald skal þó ekki vera herra en 5000.00.

Við ákvörðun stofngjalds telst lengd heimtaugar vera stytztá leið frá vatnsinntaki að aðalveitu.

Eindagi stofngjalds er sá dagur, þegar tenging er framkvæmd.

3. gr.

Töluröð eftirfarandi greina breytist þannig, að 12. gr. verður 13. gr., 13. gr. verður 14. gr. o. s. frv.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Stokks-eyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. nóvember 1966.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

10. október 1966.

Nr. 221.

AUGLÝSING

um umferð í Akraneskaupstað (Akranesi).

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í kaupstaðnum, samkv. heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar á Akurgerði að norðanverðu milli Heiðarbrautar og Suðurgötu.
2. Stöðvunarskylda skal vera á Akurgerði, við Suðurgötu.
3. Bifreiðastöður eru bannaðar á Háholti að sunnanverðu frá Kirkjubraut að Stíllholti.
4. Bifreiðastöður eru bannaðar á Kirkjubraut að vestanverðu frá Merkigerði að húsinu nr. 31 við Kirkjubraut.
5. Bifreiðastöður eru bannaðar á Skagabraut að sunnanverðu frá Kirkjubraut að Þjóðbraut. Enn fremur eru bifreiðastöður bannaðar á Skagabraut að norðanverðu, frá húsinu nr. 17 að húsinu nr. 25.
6. Bifreiðastöður eru bannaðar á Suðurgötu að vestanverðu frá Hafnarbraut að Skagabraut og á Suðurgötu að austanverðu frá Háteig og uppfyrir húsið nr. 20 við Suðurgötu og frá Akursbraut að Mánabraut. Undanskilin þessu banni eru bifreiðastæðin, sem merkt eru á Suðurgötu að vestanverðu, bæði við Akraftorg og neðan hússins nr. 83 við Suðurgötu.
7. Bifreiðastöður eru bannaðar á Vesturgötu að vestanverðu frá Bakkatúni að Deildartúni.

Lögreglustjórnin í Akraneskaupstað, 10. október 1966.

Þórhallur Sæmundsson.